

Fundargerð 73. Héraðsþings USVH 13. mars 2014, haldið að Reykjum í Hrutafirði í boði umf. Dagsbrúnar.

Þingsetning

Guðmundur Haukur formaður USVH býður fundargesti velkomna, sérstaklega Sæmund Runólfsson framkvæmdastjóra UMFÍ og Gunnlaugur stjórnarmann ÍSÍ, gerir tillögu að fundarstjóra, Júlíus Guðni Antonsson, tillagan samþykkt samhljóða og fundarstjóri tekur til starfa.

Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd

Ritarar þingsins Anna María Elíasdóttir og Þorsteinn Guðmundsson, Kjörbréfanefnd skipa Þ. Karl Þorleifsson, Þórdís Benónýsdóttir og Pétur Þröstur Baldursson.

Skýrsla stjórnar og reikningar, Guðmundur Haukur, formaður USVH kynnrir skýrslu stjórnar.

Viðburðaríkt ár er að baki með krefjandi verkefnum og öflugum starfi. Í þessari skýrslu verður dregið á helstu þætti í stafi USVH á síðasta ári.

72. héraðsþing USVH var haldið í Félagsheimilinu á Hvammstanga 20. mars 2013 og sá Sundfélagið Húnar um framkvæmd þingsins að þessu sinni. Öll aðstaða og veitingar á þinginu voru til fyrirmyndar. Gestir á þinginu voru Helga Guðrún Guðjónsdóttir formaður UMFÍ, Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ og Garðar Svansson stjórnarmaður í ÍSÍ. Helga Guðrún ávarpaði þingið og fluttu kveðjur stjórnar og starfsmanna UMFÍ. Kynnti hún helstu stefnumál og starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar og skoraði á félagi í USVH að taka myndarlega þátt í þeim þremur landsmótum sem verða á vegum UMFÍ á árinu. Að lokum sá hún Elínu Jónu Rósinberg gjaldkera USVH starfsmerki UMFÍ fyrir störf hennar fyrir ungmennahreyfinguna og gat þar sérstaklega um greinargóða og einstaklega vel framsetta ársreikninga USVH. Garðar Svansson flutti kveðjur forseta, stjórnar og starfsmanna ÍSÍ. Ræddi hann meðal annars tilvist ferðasjóðs ÍSÍ, skráningarkerfið Felix og mikilvægi Íslenskrar Getspár fyrir íþróttahreyfinguna.

Á þinginu var lögð fram starfsskýrsla fyrir árið 2012 ásamt ársreikningum og var hvorutveggja rætt og samþykkt. Fjárhagur sambandsins er traustur og eignastaða góð. Nokkrar tillögur voru samþykktar á þinginu m.a. að fela stjórn að endurskoða lög sambandsins fyrir næsta héraðsþing. Einnig urðu líflegar umræður um nauðsyn meira samstarfs ungmennafélaganna t.d. á sviði íþróttæfinga.

Reimar Marteinnsson var kjörinn varaformaður, en Pétur Þröstur Baldursson gaf ekki kost á sér áfram, en hann hefur verið varaformaður um nokkurra ára skeið. Pétri voru þökkuð vel unnin störf með lófataki. Vigdís Gunnarsdóttir var kjörin meðstjórnandi og varamenn til eins árs Halldór Sigfússon, Hörður Gylfason og Anna María Elíasdóttir. Fyrir voru í stjórn Guðmundur Haukur Sigurðsson formaður, Elín Jóna Rósinberg gjaldkeri og Oddur Sigurðarson ritari. Framkvæmdastjóraskipti urðu hjá USVH að loknu héraðsþingi. Anna María Elíasdóttir sem gengt hafði því starfi með sóma um árabíl lét af störfum vegna anna við nám og störf. Nýr framkvæmdastjóri var ráðinn að undangenginni auglýsingur Þorsteinn Guðmundsson er sæti átti í varastjórn.

Önnu Maríu eru færðar kærar þakkir fyrir frábær störf í þágu félaga í USVH, jafnframt er nýr framkvæmdastjóri boðinn velkominn til starfa.

Stjórn USVH hittist reglulega á árinu og var fundatími yfirleitt annar fimmtudagur í mánuði. Umfjöllunarefni stjórnar voru að mestu hefðbundinn rekstur sambandsins. Guðmundur Haukur mætti á Íþróttabing ÍSÍ sem haldið var í Reykjavík. Anna María, Hörður og Þorsteinn sóttur Sambandsþing UMFÍ sem haldið var síðasta haust í Stykkishólmi. Anna María sinnti störfum sem varamaður í stjórn UMFÍ fram á haust, en gaf þá ekki kost á sér til áframhaldandi starfa á þeim vettvangi. Nokkrir fulltrúar sambandsins gerðu sig gildandi í fastanefndum á vegum UMFÍ. Ungmennafélaginu Hörpu í hinum forna Bæjarhreppi og Blakfélaginu Birnunum var á vordögum veitt bráðbirgðaaðild að USVH fram að næsta héraðsþingi.

Fastir liðir í starfsemi Ungmennasambandsins voru með svipuðu sniði og verið hefur. Auglýsingadagatalið kom út í upphafi árs og skilaði góðum hagnaði að venju. 34. árgangur Húna kom út á vormánuðum. Húni var að vanda veglegur og er hann mikill menningarauki fyrir héraðið okkar. Stjórn USVH færir ritnefndinni alúðarþakkir fyrir förnfúst sjálfboðastarf við útgáfu Húna, ekki síst Kristínu Jóhannesdóttur í Gröf sem lét af störfum í ritnefnd eftir meira en 20 ára starf. Í hennar stað kom Georg Jón Jónsson á Kjörseyri inn í ritnefndina. Fyrir í ritnefnd Húna eru: Agnar J Levý, Ingi Bjarnason, Jónína Sigurðardóttir og Magnús Guðmundsson. Þrettánda fjallaskokkið yfir Vatnsnesfjall var haldið í tengslum við hátíðina Eldur í Húnaþingi í júlí og var þátttaka allgóð. Unglingalandsmótið síðastliðið sumar var haldið á Hornafirði um verslunarmannahelgina. Þangað fór óvenju fámenn, en vösk sveit ungmenna frá USVH ásamt foreldrum og fleiri gestum. Eins og undanfarin ár sá Umf. Kormákur um þátttökuna á Unglingalandsmótinu fyrir hönd USVH og leysti það verkefni af hendi með sóma og er Kormáksfélögum hér með færðar bestu þakkir. Um tugur félaga mætti á Landsmót 50+ sem haldið var í Vík í Mýrdal og keppti þar í ýmsum greinum og komu sumir heim með verðlaun, þó aðaláherslan hafi verið lögð á að hafa gaman og vera með. Þrír keppendur mættu fyrir USVH á Landsmótið á Selfossi og kepptu í boccia og pútti.

Íþróttamaður USVH árið 2013 var kjörinn Ísólfur Líndal Þórisson hestaíþróttamaður frá Lækjamóti í Víðidal, en hann hlaut 50 stig í kjörinu. Í öðru sæti varð Salbjörg Ragna Sævarsdóttir körfuknattleikskona sem leikur með Njarðvík með 26 stig og í þriðja sæti Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir körfuknattleikskona með 22 stig, en hún leikur nú með Snæfelli í Stykkishólmi.

Þetta er annað árið í röð sem Ísólfur hampar þessum titli. Ísólfur sem keppir fyrir Hestamannafélagið Þyt hefur á undanförunum árum skipað sér í raðir bestu hestamanna landsins. Árið 2013 var honum farsælt á keppnisbrautinni og tók hann þátt í mörgum mótum með frábærum árangri. Ísólfur hlaut titilinn gæðingaknapi ársins 2013 á Uppskeruhátíð hestamanna á landsvísu. Árangur Ísólfs á árinu er mjög góður og hæst ber eftirfarandi:

- Ísólfur var lang stigahæsti knapi ársins hjá Þyt og fékk hvorki meira né minna en 782 stig. (í fyrra 441 stig)
- Hann var sigurvegari í B-flokki gæðinga á Fjórðungsmótinu á Vesturlandi, en Ísólfur kom þrem hestum í úrslit í þeim flokki.

- Á Íslandsmótinu varð hann níundi í fimmgangi og fimmti í tölti og fjórgangi. Semsagt í A-úrslitum.
- Í Meistaradeild Norðurlands sigraði hann fjórgang og fimmgang, varð annar í tölti, fimmti í T2 (slaktaumatölti), fjórði í skeiði og endaði meistaradeildina með því að verða stigahæsti knapinn.

Íþróttamenn USVH geta orðið þeir íþróttamenn 16 ára og eldri sem lögheimili eiga í Húnaþingi vestra eða keppa undir merkjum félaga innan USVH. Það eru stjórnarmenn í aðildarfélögum USVH og stjórn USVH sem kjósa íþróttamanninn.

Rétt er að fagna sérstaklega þeirri nýbreyttni að Umf Kormákur og Sundfélagið Húna hafa frá og með haustinu 2013 verið með sameiginlegt skipulag og tímatöflu á íþróttæfingum. Þetta fyrirkomulag hefur verið til mikilla hagsbóta fyrir iðkendur á grunnskólaaldri ekki síst úr dreifbýli. Þetta skipulag hefur líka verið mun ódýrara og með einfaldari gjaldskrá en áður var við líði og hljóta foreldrar að gleðjast yfir því. Mikil gróska er einnig í starfi hestamanna og er mjög athyglivert að sjá hversu vel Þytsfélagar hlúa að æskulýðsstarfi.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem stutt hafa ungmennasambandið með fjárframlögum og sjálfboðastarfi á liðnu ári. Nú þegar ég læt af störfum eftir sex ár í forystu USVH er mér efst í huga þakklæti til allra þeirra sem ég hef starfað með á þessu árabili. Þessi endurkoma mín í framvarðarsveit ungmennafélagsshreyfingar hefur gefið mér mikið og ég minnst margra skemmtilegra verkefna sem við höfum unnið að á þessu árabili. Þrennt ber hæst í mínum huga á þessum tímamótum. Í fyrsta lagi fyrsta Landsmót UMFÍ 50+ sem við höldum á Hvammstanga árið 2011, en það mót er þegar orðið fastur liður og áberandi þáttur í starfi UMFÍ, í annan stað var endurnýjaður samstarfssamningur við Húnaþing vestra um föst framlög til íþróttastarfs í sveitarfélaginu og í þriðja lagi sameiginlegt skipulag Húna og Kormáks á íþróttæfingum sem reynst hefur vel í vetur.

Sérstakar þakkir færi ég stjórn USVH starfsmanni sambandsins og raunar öllum ungmennafélögum sem ég hef átt samskipti við fyrir mjög ánægjulegt samstarf á síðasta starfsári.

Fundarstjóri þakkar Guðmundi Hauk fyrir skýrslu stjórnar og býður Elínu Jónu orðið. Elín Jóna Rósinberg gjaldkeri USVH, kynnir reikninga félagsins. Minnir félagar á styrk af hverjum seldum Húna. Skýrir auk þess ársreikning styrktarsjóðs en þar safnast fjármunir þar sem ekki hefur verið sótt eftir styrkjum í sjóðinn.

Fundarstjóri þakkar Elínu Jónu og býður fundargestum að tjá sig um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn þiggur boðið og því er gestum boðið að ávarpa þingið.

Ávörp gesta

Gunnlaugur Júlíusson ÍSÍ tekur til máls og biður fyrir kveðju frá Lárusi Blöndal og Líney. Þakkar USVH fyrir formfestu í störfum sínum og fyrir fulltrúa sína sunnan heiða sbr. Guðmund Hólmar Jónsson sem þjálfar hjá Ármanni. Ræðir um sviplegt fráfall formanns ÍSÍ á síðasta ári. Ræðir mikilvægi sjálfboðastarf. Vill minna okkur á Hreyfitorg og ræðir Felix málin. Biðlar til okkar að standa vörð um lottóið og ræða

mikilvægi lottósins við ráðamenn okkar þegar okkur gefst tími til. Óskar okkur starfsams þings og þakkar okkar framlag til íþróttamála sbr. 1. Landsmóts 50+ . Ræðir einnig mikilvægi íþróttasjóðs. Fundarstjóri þakkar Gunnlaugi fyrir og býður Sæmundi orðið. Sæmundur óskar okkur til hamingju með starfsemi okkar og lýsir yfir ánægju með peningamálin okkar. Ræðir mikilvægi sjálboðastarfsins og framlag þess til íþróttamála en slíkt er ómetanlegt til fjár. Fer yfir starfsemi UMFÍ og minnir okkur á landsmótin en framundan er landsmót 50+ á Húsavík og ulm á Sauðárkróki. Námskeið á vegum UMFÍ eru fjölmörg og hvetur okkur til þátttöku. Kynnir ungmennastarfið sem unglingar á okkar vegum hefur verið duglegt að nýta sér sbr. Ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði og hvetur okkur til áframhaldandi þátttöku. Norrænt samstarf á milli ungs fólks er mikið og hvetur okkur til þátttöku í því. Sæmundur veitir Önnu Maríu Elíasdóttur starfsmerki UMFÍ og þakkar góð störf í þágu USVH og UMFÍ.

Fundarstjóri þakkar Sæmundi og gefur formanni kjörbréfanefndar orðið

Þ. Karl Eggertsson tekur til máls og mættir eru 28 af 35 sem seturétt eiga á þinginu. Frá Dagsbrún eiga þrír fulltrúa og þrír fulltrúar eru mættir Sara Ólafsdóttir, Hulda Einarsdóttir og Þórunn Helga Þorvaldsdóttir. Frá Sundfélaginu Húnum eru mættir 3 fulltrúar af þeim fjórum sem eiga seturétt, Anna María Elíasdóttir, Þ. Karl Eggertsson og Linda Þorleifsdóttir. Frá Víði eru mættir fjórir af fimm fulltrúum. Mættir eru Júlíus Guðni Antonsson, Kristinn R. Víglundsson, Pétur Þröstur Baldursson og Jóhanna Jóhannsdóttir. Hestamannafélagið þytur á 7 fulltrúa og sex eru mættir þau, Halldór Sigfússon, Vigdís Gunnarsdóttir, Þórdís Helga Benediktsdóttir, Kolbrún Stella Indriðadóttir og Þórunna Másdóttir. Umf. Grettir á fjóra fulltrúa og fjórir eru mættir, Þórarinn Óli Rafnsson, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Böðvar Friðriksson og Ingibjörg Jónsdóttir. Umf. Kormákur á 12 fulltrúa 8 eru mættir, Hörður Gylfason, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, Unnur Haraldsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, S. Kristín Eggertsdóttir, Ómar Eyjólfsson, Geir Karlsson, Valdimar H. Gunnlaugsson, Elín Jóna Rósinberg og Guðmundur Haukur Sigurðsson. Lögmati þingsins er samþykkt af þinginu.

Fundarstjóri leggur fram tillögur stjórnar fyrir þingið og vísar í nefndir og nefndarstörf hefjast.

Matarhlé – að matarhléi loknu þakkar þingið umf. Dagsbrún fyrir veittar Veitingar.

Ályktanir nefnda

Frá Félags og íþróttanefnd, Þórarinn Rafnsson formaður kynnir tillögur nefndarinnar

73. Héraðsþing USVH haldið að Reykjum í Hrutarfirði 13. mars 2014 hvetur aðildarfélag USVH til að taka virkan þátt í verkefnum UMFÍ s.s. landsmóti 50+ á Húsavík og unglíngalandsmóti á Sauðárkróki á komandi sumri.

Samþykkt samhljóða

73. Héraðsþing USVH haldið að Reykjum í Hrútarfirði 13. mars 2014, hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í almenningsverkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

Samþykkt samhljóða

73. Héraðsþing USVH haldið að Reykjum í Hrútarfirði 13. mars 2014, fagnar sérstaklega samstarfi Umf. Kormáks og Sundfélagsins Húna um íþróttæfingar sem hófst á síðasta hausti. Þetta samstarf hefur verið til hagsbóta fyrir þá sem stunda æfingarnar bæði hvað varðar skipulag og lækkaðan kostnað.

Samþykkt samhljóða

73. Héraðsþing USVH haldið í Reykjum í Hrútarfirði 13. mars 2014 samþykkir ársreikning USVH fyrir árið 2013 ásamt ársreikningi styrktarsjóðs USVH fyrir 2013.

Samþykkt samhljóða

Frá Alsherjanefnd Þ. Karl Eggertsson formaður kynnir tillögur nefndarinnar

73. Héraðsþing USVH haldið að Reykjum í Hrútarfirði 13. mars 2014 þakkar sveitarfélaginu Húnaþingi vestra fyrir góðan stuðning og styrk til íþróttar og æskulýðsstarfs.

Samþykkt samhljóða

73. Héraðsþing USVH haldið í Reykjum í Hrútarfirði 13. mars 2014 færi ritnefnd Húna bestu þakkar fyrir frábært starf við útgáfu þessa merka og vandaða rits. Jafnframt skorar þingið á aðildarfélög sambandsins að standa betur að sölu Húna hvert á sínu svæði.

Samþykkt samhljóða

Lög USVH

1. grein.

Sambandið heitir Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga, skammstafað USVH. Heimili þess og varnariðing skal vera í Húnaþingi vestra. Formaður og/eða framkvæmdarstjóri er málsvari sambandsins út á við í ræðu og riti.

2. grein

Tilgangur sambandsins er að sameina krafta hinna einstöku félaga og koma fram sem samnefnari þeirra út á við. Tilgangi sínum hyggst sambandið ná m.a. með því:

- a) að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð eða aðildarfélög USVH fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins,
- b) að annast samstarf um íþróttamál við sveitarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c) að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt.
- d) að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e) að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- f) að staðfesta lög aðildarfélaga.

- g) að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
- h) að halda héraðsmót á hverju ári og ákveður héraðsþing nánar hvernig því skuli hagað, að hlutast til um að fyrirlestrar séu haldnir innan félaganna og að styðja og efla allt sem nytsamt og þjóðlegt er, svo sem íþróttir, félagsmál og fleira.

3. grein.

Sambandssvæðið er Húnaþing vestra og eiga öll ungmennafélög og íþróttafélög á þessu svæði rétt á að gerast aðilar að sambandinu. Félag sem óskar inngöngu í sambandið sendi stjórn USVH skriflega beiðni um það, undirritaða af stjórn félagsins og samþykkt á félagsfund. Beiðninni skal fylgja afrit af lögum félagsins. Innganga í sambandið fer fram á næsta héraðsþingi, enda hafi félagið þá undirgengist samþykktir og reglur sambandsins. Lög aðildarfélaga skulu vera í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Stjórn sambandsins hefur heimild til að veita félagi bráðabirgðaaðild að USVH fram að næsta héraðsþingi.

Úrsögn úr sambandinu er aðeins lögleg hafi hún verið samþykkt á löglegum aðalfundi félagsins og skal það staðfest á héraðsþingi USVH. Félag sem gengið hefur úr USVH getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum USVH.

4. grein.

Stjórn sambandsins skipa fimm menn í aðalstjórn, þ.e. formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, meðstjórnandi, þrír í varastjórn, tveir skoðunarmenn og einn til vara. Kjörtímabil aðalstjórnar sé tvö ár og séu formaður og meðstjórnandi kosnir annað árið, en gjaldkeri, varaformaður og ritari hitt árið.

Varastjórn, skoðunarmenn og fulltrúi á íþróttþing ÍSÍ séu kosnir til eins árs.

5. grein.

Skylt er öllum félögum sambandsaðila að gegna störfum sem héraðsþingið eða stjórn kys þá til, án tillits til þess hvort þeir sitja fundinn eða ekki.

Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir til starfa milli funda eftir því sem ástæður standa til. Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdarstjóra og fela honum framkvæmd ýmissa verkefna.

Starfsmenn sambandsins eru ekki skyldugir til að gegna störfum lengur en tvö ár í senn og geta verið lausir jafnlangan tíma.

6. grein

Héraðsþing skal haldið fyrir 1. maí ár hvert og til þess boðað með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Er það aðeins lögmætt að 2/3 fulltrúa séu mættir. Formaður aðildarfélags er sjálfkjörinn á héraðsþing. Þar að auki skal hvert félag hafa rétt til að senda fulltrúa fyrir hverja 50 félaga eða brot úr þeirri tölu.

Fulltrúi er aðeins löglegur á héraðsþingi hafi aðildarfélag sent félagatal inn á félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ (FELIX) og skilað starfsskýrslu til stjórnar USVH tveim vikum fyrir boðað héraðsþing.

Stjórn USVH sendir formönnum félaganna eyðublöð til útfyllingar fyrir kjörbréf, samkvæmt félagatali. Við atkvæðagreiðslu almennra mála og í kosningum, ráði einfaldur meirihluti á héraðsþingi.

Ársreikningar, fjárhagsáætlun og skýrsla stjórnar skal send aðildarfélögum, minnst viku fyrir héraðsþing.

7. grein.

Formenn og fulltrúar aðildarfélaganna hafa atkvæðisrétt á héraðs- og aukapöngum. En aðrir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Kjörbréfanefnd skal kosin í upphafi héraðsþings. Kjörbréfanefnd gerir tillögu til þingsins um kjörbréf fulltrúa og lögmæti þingsins.

Á Héraðsþingi skal leggja fram starfsskýrslu og endurskoðaða reikninga sambandsins. Reikningsárið er almanaksárið.

8. grein.

Héraðsþing getur skipað nefndir til að hafa forystu um iðkun og keppni í einstökum íþróttagreinum sem stundaðar eru á svæðinu. Nefndum þessum skal afmarkað fjármagn. Skulu þær hafa sjálfstæðan fjárhag og starfa í samvinnu við stjórn sambandsins. Á sama hátt getur héraðsþing falið einu eða fleiri aðildarfélögum sambandsins sama hlutverk.

9. grein.

Aukapöng skal halda ef stjórn eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Til þess skal boðað með tíu daga fyrirvara. Um fulltrúatölu gilda sömu ákvæði og fyrir héraðsþing. Ákvarðanir aukapöngs gilda aðeins fram að næsta héraðsþingi.

10. grein.

Sambandinu verður ekki slitið nema á héraðsþingi og því aðeins að 2/3 fulltrúa þingsins samþykki þá ráðstöfun.

Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars héraðsþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 2/3 atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, skulu

Það heita lögleg sambands slit. Það þing tekur ákvarðanir um hvernig eigum sambandsins skuli varið.

11. grein

Lögum þessum verður ekki breytt nema á héraðsþingi og þá því aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæðisbærra fulltrúa. Tillögur til lagabreytinga skal senda stjórn USVH minnst þremur vikum fyrir héraðsþing og skal stjórn USVH senda tillögur sambandsaðilum til kynningar minnst tveimur vikum fyrir þing.

12. grein

Lög þessi öðlast gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Samþykkt á héraðsþingi 13. mars 2014.

Frá fjárhagsnefnd Halldór Sigfússon kynnir tillögur nefndarinnar

Fjárhagsnefnd leggur til að Ársreikningur USVH fyrir árið 2013 verði samþykktir *samþykkt samhljóða*

Fjárhagsnefnd leggur til að Fjárhagsáætlun ársins 2014 verði samþykkt *samþykkt samhljóða*

Kosningar

- a) formaður til tveggja ára Reimar Marteinsson
 - b) gjaldkeri til eins árs Elín Jóna Rósinberg
 - c) ritari til tveggja ára Hörður Gylfason
 - d) varaformaður til eins árs Halldór Sigfússon
 - e) fyrsti varamaður til eins árs Sigurbjörg Jóhannsdóttir
 - f) annar varamaður til eins árs Sara Ólafsdóttir
 - g) þriðji varamaður til eins árs Kristinn Víglundsson
 - h) tveir skoðunarmenn til eins árs Sigrún Þórðardóttir og Ingibjörg Jónsdóttir
 - i) einn skoðunarmaður til vara til eins árs Unnur Haraldsdóttir
 - j) fulltrúi á íþróttþing ÍSÍ Þorsteinn Guðmundsson
 - j) varamaður á íþróttþing ÍSÍ Reimar Marteinsson
- Þannig samþykkt samhljóða*

Önnur mál

Halldór Sigfússon nýkjörinn varaformaður færir fráfarandi formanni USVH blómvönd og þakkar fyrir störf hans í þágu hreyfingarinnar. En Guðmundur Haukur hefur sinnt formennsku í sex ár.

Gunnlaugur Júlíusson ÍSÍ þakkar fyrir starfssamt þing og þakkar Guðmundi Hauk fyrir störf sín.

Guðmundur Haukur tekur til máls þakkar fyrir falleg orð í sinn garð og blómin. Minnst orða þingforseta þegar hann var kjörinn fyrir sex árum en þau voru “endurvinnsla” Guðmundur Haukur ætlar að einbeita sér að félagsstarfi eldri borgara en er tilbúin til að leggja hönd á plóg ef þess er óskað og mun hann starfa áfram í ritnefnd Húna.

Þingslit klukkan 21.00